

Skeiða- og Gnúpverjahreppi, 9. júlí 2025

Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála
Borgartúni 31, 105 Reykjavík

uua@uua.is

Erindi vegna kærumála frá 23. október 2024 - Hvammsvirkjun

Við undirrituð vorum meðal þeirra aðila sem sendu úrskurðarnefndinni kæru 23. október 2024 vegna virkjunarleyfis Orkustofnunar 12. september 2024 og framkvæmdaleyfis Rangárbings ytra 16. október 2024, vegna Hvammsvirkjunar.

Virkjunarleyfi Orkustofnunar hefur nú **endanlega verið fellt úr gildi með dómi** hæstaréttar Íslands í dag og hefur hann fullt fordæmisgildi.

Þá hefur hæstiréttur fellt úr gildi heimild Umhverfisstofnunar dags 9. apríl 2024 til breytinga á vatnshlotinu Þjórsá 1.

Með öðrum orðum hefur nú **endanlega verið ógilt undanþága** sem Umhverfisstofnun veitti frá umhverfismarkmiðum vatnshlotsins, í því skyni að virkja Þjórsá við Hvamm.

Í ljósi niðurstöðu hæstaréttar eru forsendur framkvæmdaleyfa fyrir Hvammsvirkjun einnig brostnar. Krefjumst við í samræmi við það tafarlausrar úrlausnar nefndarinnar í kærumálum okkar.

Virðingarfyllst,

Margrét Erlendsdóttir

Vigdís Erlendsdóttir

Björg Eva Erlendsdóttir

Sigprúður Jónsdóttir

Oddur Guðni Bjarnason